

## REGLUGERÐ

### um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt ákvæði 10. gr. b. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

Eftir að aflamarki í makríl hefur verið úthlutað til skipa í A- og B-flokki er Fiskistofu heimilt að úthluta allt að 4.000 lestum af viðbótaraflaheimildum í makríl ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds. Úthluta skal allt að 50 lestum í senn. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótaraflaheimildum fyrr en skip hefur veitt 75% af úthlutaðu aflamarki í makríl. Þessi takmörkun gildir ekki fyrir skip sem fá úthlutað 30 tonnum af aflamarki í makríl eða minna.

Eftir 15. september er heimilt að úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er af viðbótaraflaheimildum í makríl gegn greiðslu gjalds.

#### 3. gr.

Úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt þessari reglugerð, í annað sinn eða síðar, er bundin því skilyrði að skip hafi veitt úthlutað aflamark í makríl og viðbótaraflaheimildir í makríl þannig að eftir standi 30 tonn eða minna samanlagt. Einnig er slík úthlutun bundin því skilyrði að greitt hafi verið fyrir fyrri úthlutanir.

#### 4. gr.

Óheimilt er framselja aflaheimildir í makríl af skipi í B-flokki sem hefur fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari á veiðitímabilinu. Heimilt er að flytja allt að 10% af úthlutaðum viðbótaraflaheimildum skips yfir á næsta ár.

#### 5. gr.

Fiskistofa annast úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl gegn greiðslu gjalds á grundvelli umsókna og skal úthluta viðbótaraflaheimildum vikulega á grundvelli umsókna sem borist hafa undanfarandi viku.

Ef umsóknir um viðbótaraflaheimildir eru umfram þær aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á viðbótaraflaheimildum í makríl skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl og skal það greitt Fiskistofu.

Á vefsíðu Fiskistofu skal birta upplýsingar um úthlutanir Fiskistofu og upplýsa um magn makrils sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.

Skipum í A-flokki er heimilt að sækja um þær viðbótaraflaheimildir í makríl sem Fiskistofa hefur ekki úthlutað til skipa í B-flokki fyrir lok ágúst ár hvert. Umsóknir skipa í A-flokki skulu berast til Fiskistofu á tímabilinu 1. til 10. september ár hvert og skal Fiskistofa úthluta því sem eftir er jafnt á milli umsækjenda eftir 15. september ár hvert.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. b. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2019 um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.